

Eco-Garden ehf.
Lambhagavegur 9
110 Reykjavík

Reykjavík, 2. október 2024
UST202405-122/K.S.G.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits - Plöntuverndarvörur á markaði 2024 - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 11.9.2024 um niðurstöðu eftirlits þar sem eru gerðar kröfur um úrbætur á plöntuverndarvörum á markaði sem fyrirtækið Eco-Garden ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir vegna málsins, svo framarlega sem vörurnar eru ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með plöntuverndarvörum sem féllu undir umfang eftirlitsverkefnisins og á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Eco-Garden ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 20.800.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 591-2000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>